

REGLUR

um breytingu (8) á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

1. gr.

Upphafsmálsliðir 1. mgr. 101. gr. reglna nr. 458/2000 breytast og verða svohljóðandi:
Heimspékideild veitir kennslu sem hér segir:

Til B.A.-prófs: Almenn bókmenntafræði, almenn málvísindi, danska, enska, finnska, fornleifafræði, franska, gríska, heimspeki, íslenska, ítalska, latína, norska, rússneska, sagnfræði, spænska, sænska, táknmálsfræði og þýska. Auk þess er heimilt að taka upp kennslu í aukagreinum eftir nánari ákvörðun deildar.

Þá breytist 4. málsliður 1. mgr. 101. gr. reglnanna og verður svohljóðandi:

Til M.A.-prófs: Almenn bókmenntafræði, almenn málvísindi, danska, enska, fornleifafræði, heimspeki, íslenskar bókmenntir, íslensk málfræði, íslensk fræði, sagnfræði og tungutækni.

2. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 8. febrúar 2002.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.